

## 45. Fundur Æskulýðs- og Íþróttanefnd, Ráðhúsinu

23. nóvember kl. 17:00

Mættir: Helga Guðmundsdóttir, Sara Hjörleifsdóttir, Ingi Berg Ingason, Eydís Bergmann Eyþórsdóttir, Vignir Sveinsson, Davíð Sveinsson og Gyða Steinsdóttir.

1. Félagsmiðstöðin – Eydís fór yfir dagskrá haustsins sem hefur verið líflegt. Mæting í X-ið hefur verið góð. Nýjar muðlar hafa verið keyptar og ný spil. Búið að halda gler- og leirnámskeið. Þrjár stúlkur tóku þátt í Stíll, búið er að halda bíódaga og verða þeir aftur í des. Opnunartími í des. lokað 20. desember opnað 3. janúar. Virkja nemendaráð. Farið var með 9. og 10. bekk á Æskulýðsball og var góð þátttaka.

Fyrirlestrar og námsskeið um netið og nýmiðla. Búið að óska eftir fyrirlestri ekki vitað hvenær af því verður.

2. Íþróttamiðstöð – Vignir fór yfir það sem þarf að kaupa fyrir Íþróttamiðstöðina. Lyklakerfi fyrir skápa, rafræn aðgangskort. Viðhald húsnæðis ábótavant og þarf að bæta úr því. Sápuskammtara þarf að endurnýja. Stétt fyrir utan og anddyri þarfnast endurnýjunar með tilliti til aðgengis fatlaðra. Þarf að hreinsa og bóna dúka í anddyri, göngum og búningsklefum.

Nefndin leggur til að Bæjarstjórn taki vel í beiðnir forstöðumanns um búnað og viðhald í Íþróttamiðstöð.

Rætt um hugmyndir að breyttum opnunartíma sundlaugar til hagræðingar og verður þetta ákveðið síðar.

Vignir sagði frá nýjum agareglum í Íþróttahúsi sem gerðar voru og taka þær gildi eftir kynningu á Mentor.

3. Ungmennaráð: Í ráðinu eru Benedikt Óskarsson, Páll Grétarsson. Leggjum til að skipuð verði: Leifur Harðarson, Dagný Rún Þorgrímsdóttir og Elín Sóley Reynisdóttir í stað Ernu Rutar Kristjánsdóttur, Ólafar Rúnar Ásgeirsdóttur og Kristjáns Péturs Andréssonar.
4. Önnur mál - Bréf frá IOGT: Nefndin tók vel í erindið og mun sjá til þess að það fari í réttan farveg. Bréf frá Vímulaus æska: Helgu falið að hafa samband við bréfitara og koma málinu áfram. Bréf frá Blátt áfram: Bréfinu komið til Skólaneftndar og skólalastjóra.

Helga Guðmundsdóttir (sign),

Sara Hjörleifsdóttir (sign),

Ingi Berg Ingason (sign),

Eydís Bergmann Eyþórsdótti (sign),

Vignir Sveinsson (sign),

Davíð Sveinsson (sign),

Gyða Steinsdóttir (sign).